

Gengið með Þjórsá

Gönguleiðin er á austurbakka Þjórsár frá Hreysiskvísl að Sultartangalóni. Á þessari leið er stórkostleg fjallasýn, þarna eru ár og lækir með tignarlegum fossum, auðnir og gróðurvinjar með ótrúlegu blómskrúði, t.d. víði og eini. Ef vel er að gáð má meira að segja finna nokkrar birkihríslur.

Undirrituð fór ásamt fleirum í fjögurra daga göngu niður með Þjórsá. Fyrstu þrjá dagana var gengið um lágar öldur og sandmela með gróðurvinjum á milli, landið er nánast flatt en hallar þó aðeins til suðurs. Fjórða daginn var gengið um svokallaða Bása sem eru þverskornir af giljum sem uppsprettu- og leysingarvatn hefur sorfið. Nokkra lækir þarf að vaða á leiðinni en enginn þeirra er meira en hnédjúpur.

Dagur 1

Ganga um 14 km. Landið nánast flatt. Fyrsta daginn vorum við keyrð að Slysavarnaskýlinu við Hreysiskvísl (64° 38.817, 18° 30.207). Þegar gengið var af stað stefndum við vestur að Þjórsá og upp á Hreysisöldu. Af Hreysisöldu var gott útsýni til allra átta. Í norðri sá yfir Þjórsárverin með öllum sínum rústum og tjörnum, upp af þeim reis Hofsjökull og hinn fagurlega formaði Múlajökull, Arnarfell hið mikla og Arnarfell hið litla. Í vestri sáust Kerlingarfjöll og í austri voru það



Við rústir af kofa Fjalla-Eyvindar í Eyvindarveri.

Hreysisvísl. Nyrðri Háganga í baksýn.



tignarlegar Hágöngurnar, sem mér finnast með fegurri fjöllum á landinu. Austan við Hágöngur sást til Vatnajökuls. Frá Hreysisöldu var stefnt á Eyvindarver en um það lá hin forna Sprengisandsleið og rétt við hana, norðarlega í verinu, eru rústir af kofa Fjalla-Eyvindar sem verið er kennt við. Áð var við kofarústirnar (64° 36.840, 18° 34.996) en um hnéháir veggir standa enn eftir af þeim. Haldið var áfram eftir vegslóða til suðvesturs og gengið eftir Eyvindarversöldu. Framundan var Þúfuver. Við óðum yfir Eyvindarverskvísl og lentum fljótlega inná gömlum bíslóða og fylgdum honum. Ekki sást nú lengur til Þjórsár því við höfðum ákveðið að taka sveig austur fyrir Þúfuver og Þúfuverskvísl því við vissum að í henni leynist víða sandbleyta. Þegar horft er yfir Þúfuver er þar áberandi gróðurlítill sandalda sem kallast Biskupsþúfa. Sagnir herma að sunnan undir Biskupsþúfu hafi verið áningarstaður Skálholtsbiskupa er þeir fóru Sprengisandsleið á ferðum sínum milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið. Við gengum áfram og fórum framhjá tveimur litlum vötnum sem smalar kalla Sandvatn og Sveppatjörn. Við komum að austurjaðri Þúfuvers á móts við Þúfuversstíflu, en þar breiða eyrarrósín og hvönnin úr sér og setja skemmtileg blæbrigði á landslagið. Við höldum okkur í jaðri versins uns við komum í náttstað við leitarmannahúsið Gásagust (64° 33.314, 18° 40.215).



Gásagustur í Þúfuveri. Biskupsþúfa í baksýn.



Horft yfir Áftavatn. Hágöngur í baksýn.

Dagur 2

Ganga um 14 km. Land nánast flatt. Gengið var frá Gásagusti fram Ferðamannaöldu og meðfram

Áftavatni. Þegar fór að liða á annan dag göngunnar fór ósjálfrátt að dreifast meira úr hópnum, eins og náttúran, friðsældin og þögnin væri



Í Þröngubásun. Sér til Heklu.



að ná tökum á fólki. Við gengum því hvert fyrir sig þegar við förum framhjá Þúfuvötnum og Sóleyjarhöfða, við höfðann var Þjórsá riðin þegar Sprengisandsleið var farin fyrir á öldum. Sunnan Sóleyjarhöfða lentum við inná bilslóð sem smalar kalla Hryggjaleið, en hún dregur nafn sitt af því að á kafla liggur hún yfir og utan í lágum hryggjum. Þegar við komum á slóðina sameinaðist hópurinn á ný og nú vildi mannfræðingurinn í hópnum vita hvað við hefðum verið að hugsa þegar við gengum svona ein í auðninni. Það kom svo sem ekki á óvart að við virtumst öll vera búin að gleyma hversdagslegum vandamálum og einfaldlega nutum þess að vera til og vera ein í heiminum. Við fylgdu Hryggjaleið nokkurn veginn þar til kom suður fyrir Svartá og tjölduðum á melnum við Svartagil sem er skammt sunnan við Svartá (64° 28.541, 18° 52.879).

Dagur 3

Gönguleið um 20 km. Land nánast flatt. Frá Svartagili var fyrst gengið yfir gróðursnauda mela en á móts við Herskipin birtist stór viðvaxin gróðurtorfa. Herskipin eru tvær eyjar í Þjórsá sem svipar til herskipa að lögun og er líkast því að þau sigli upp eftir ánni. Frá Herskipunum var stefnt að Hvangiljafossi (64° 23.418, 19° 06.491), en Hvangiljafoss dregur nafn sitt af gróðurlendinu Hvangili sem er austan Þjórsár. Gnúpverjar kalla þennan foss reyndar Kjálkaversfoss og er það nafn dregið af Kjálkaveri sem er gróðurlendið vestan Þjórsár. Nú var fjallasýnin orðin minni, Kerlingarfjöll sáust enn í norðvestur og Búðarháls var sunnan við okkur. Við gengum fram Hvangil en þar eru talsverðar breiður af hnéháum víði og áttum við sumstaðar í erfiðleikum með að finna greiðfæra leið. Við áðum á móts við Hrutshólma í Þjórsá og réðum ráðum okkar. Við höfðum stefnt að því að tjalda á móts við fossinn Dynk, í svokölluðu Meyjarsæti sem var eitt sinn tjaldstaður smala á Holtamannaafrétti. Þar sem búnar voru að vera skúrir á okkur allan daginn varð niðurstaðan sú að við

Dynkur.

tókum á okkur um hálf tíma krók í leitarmannahúsið Hvanngiljahöll (64° 20.806, 19° 08.130) og gistum þar.

Dagur 4

Gönguleið um 18 km. Landið sundurskorið af giljum sem fara þarf yfir.

Haldið var af stað frá Hvanngiljahöll árla morguns og stefnt að fossinum Dynk, öðru nafni Búðarhálsfossi, sem er áreiðanlega með fallestri fossinum landsins. Í fossinum Dynk fellur Þjórsá um 38 metra fram af mörgum stöllum og myndar þannig marga smáfossa sem ákaflega fallest er að sjá úr fjarlægð, en nálægt má betur njóta fjölbreytileika hvers foss fyrir sig og skynja máttinn sem býr í Þjórsá. Þetta er einn af þeim stöðum þar sem maður á að staldra við um stund og njóta þess sem fyrir augu ber. Áfram þurftum við samt að halda því framundan voru Básar en það er svæðið frá Dynk og langleiðina fram að Sultartangalóni. Í bókinni Göngur og Réttir I eftir Braga Sigurjónsson er Básar lýst á eftirfarandi hátt: „Básar skiptast í reglulega lagaða hamrahjalla og gróðurríkar grasbrekkur. eru stallarnir úr fjarlægð að sjá líkastir trölslegum stígaþrepum. Neðan við stallana rennur Þjórsá. Stallar þessir eru taldir vera 18 talsins“. Básar eru grasi- og mosavaxnir, þar er talsvert af víði og eini og meira að segja birki ef vel er að gáð. Básar eru sundurskornir af giljum, mest þeirra er Stóragil. Þar fórum við alveg niður að Þjórsá og skoðuðum Manntapahellu. Manntapahella er stór klapparahella er liggur skáhallt niður að og ofan í Þjórsá. Seitlar vatn á hana og heldur henni sleipri. Sagan segir að í gegnum tíðina hafi þeir smalar sem voru í neðstu göngu í Básum freistast til að stökkva yfir helluna, fremur en taka á sig krók til baka, en við það lent á henni og runnið ofan í Þjórsá. Munnmæli segja að alls hafi 18 manns farist á Manntapahellu. Næst er komið að Gljúfurleitarfossi en þar fellur Þjórsá fram af einum stalli. Við Gljúfurleitarfoss er fallest stuðlaberg á vesturbakka Þjórsár. Þegar Básar eru gengnir er ekki síður fallest að horfa vestur yfir Þjórsá á Gljúfurleitina. Þar er landið sundur



Í Básum.



Í Þröngubásum.



Gljúfurleitarfoss.

skorið af djúpum giljum, eftir þeim renna litlir lækir sem falla í Þjórsá og mynda tignarlega fossa. Frá Gljúfurleitarfossi var stefnan tekin á Þröngubása. Þar hefur Þjórsá sorfið í gljúfravegg sinn stórkostlegar kletta-myndanir. Þetta eru afar stór og íhvolf vik, sem eru þverhnipt og

hrikaleg að sjá. Víða má sjá þar tröllslega klettadranga þannig að auðvelt er að ímynda sér að þar hafi tröll dagað uppi. Þegar Þröngubás-um sleppir tekur Sultartangalón við og nú var Hekla farin að blasa við okkur í suðvestri. Við gengum fram sandinn meðfram Sultartangalóni og

enduðum gönguna við fyrirhugað stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar en þangað vorum við sótt.

Hnitakerfið á gps punktunum er Hjörsey 1955.

Texti: Ingibjörg Sveinsdóttir
Myndir: Ingibjörg Sveinsdóttir, Erlingur Jensson og Sveinn Tyrfinngsson

Hvanngiljarfoss í Þjórsá.

